



KAFLI 1 ALMENNT

1. Skilmálar þessir gilda fyrir notkun heimila og fyrirtækja á ljósleiðaraneti Fjaraskiptafélags Reykhólahrepps (FR), í skilmálum kallað ljósleiðarinn hér eftir.
2. Ljósleiðarinn er fjaraskiptasamband milli notkunarrýmis og þjónustuaðila sem veita þjónustu sína um ljósleiðaranet FR. Við virkjun ljósleiðarans og með greiðslu reikninga telst vera komin á staðfesting á viðskiptaskilmálum þessum.
3. FR áskilur sér rétt til að gera breytingar á skilmálum þessum og eru slíkar breytingar kynntar á vefsíðunni www.reykholar.is sbr. kafla 3. grein 3.
4. Viðskiptavinur er réttihafi ljósleiðarans og ber ábyrgð á notkun hans skv. skilmálum í kafla 2.
5. Viðskiptavinur ber fulla ábyrgð á greiðslum til FR vegna notkunar á ljósleiðaranum skv. skilmálum í kafla 3.
6. Báðir aðilar geta sagt upp samningi þessum skv. skilmálum í kafla 4.
7. FR ábyrgist ekki tjón sem rekja má til sambandsleysis, rofs á fjaraskiptum eða annarra truflana sem kunna að verða á rekstri fjaraskiptakerfis FR eða þjónustuaðila, hvort sem slíkt má rekja til ljósleiðarabíla, bíla í netbúnaði eða annarra ástæðna.
8. FR hefur lagt og tengt ljósleiðara sem hluta af ljósleiðaraneti sínu inn í inntakskassa sem staðsettur er fyrir innan húsvegg og er í eigu FR. Ljósleiðarinn er afhentur til notkunar með uppsetningu á endabúnaði, ljósleiðaraboxi, sem er tæki í eigu FR. Allar innanhússlagnir eru á ábyrgð og í eigu viðskiptavinar eftir að uppsetningu er lokið. FR ábyrgist ekki að lagnir fyrir internetþjónustu frá ljósleiðaraboxi að þjónustutækjum beri þá bandbreidd sem þönguð er, t.d. ef ein lögn er notuð fyrir tvö þjónustutæki. Viðskiptavinur þarf að sjá sjálfur um breytingar á lögnum.
9. FR er veitt heimild fyrir allri nauðsynlegri framkvæmdavinnu við lagningu fjaraskiptalagna innandyra, þannig að viðskiptavinur geti tengst ljósleiðaraneti FR og fengið þjónustu yfir ljósleiðarann. Einnig er FR veitt heimild til að taka mynd af frágangi eða uppsetningu að framkvæmdavinnu lokinni. FR er veitt heimild fyrir mögulegum frávikum frá reglum Póst og fjaraskiptastofnunar nr. 1111/2015 sbr. 2. mgr. 1. gr. þeirra, og tilvísuðum stöðlum í reglunum. FR er m.a. veitt heimild til að splæsítengja strengenda heimtauga sinna við innanhússlagnir líkt og heimilt er skv. 4. mgr. 7. gr. reglnanna. Að öðru leyti munu frávik ekki varða öryggismál, svo sem eldvarnar- eða rafmagnsöryggi, né önnur þau atriði sem tilgrein eru í 2. mgr. 1. gr. reglnanna.
10. FR tekur ekki ábyrgð á mögulegum útlitslegum lýtum eða skemmdum sem kunna að verða á eignum húsráðenda ef ljósleiðarabox eða lagnir eru fjarlægðar eða skipt út, eftir að framkvæmdum FR er lokið.

KAFLI 2 NOTKUN

1. Viðskiptavinur er ábyrgur fyrir allri notkun á ljósleiðaranum, þ.m.t. notkun á þeim endabúnaði sem lagður er til. Ef í ljós kemur að viðskiptavinur misnotar ljósleiðarann, t.d. á þann hátt að notkun varði við lög eða hafi áhrif á notkun annarra viðskiptavina getur FR lokað á notkun ljósleiðarans fyrirvaralaust, um stundarsakir eða til frambúðar.

2. Viðskiptavininn er skyldur að fara vel með allan búnað sem þeir hafa til afnota og er í eigu FR. Viðskiptavininn er bótaskyldur skemmist búnaður eða glattist, og rekja má það til ásetnings eða gáleysis viðskiptavinnar. Verði fjarskiptabúnaður fyrir skemmdum eða hann glattast ber viðskiptavininn að tilkynna FR um það tafarlaust.
3. Viðskiptavininn getur óskað eftir því við FR að ljósleiðaraboxið verði fjarlæggt úr viðkomandi fasteign og greiðir þá niðurtektargjald á ljósleiðaraboxi skv. verðskrá FR. Ljósleiðarabox er að jafnaði fjarlæggt innan 15 daga frá því að ósk um það berst. Innanhússlagnir eru ekki fjarlægðar enda eru þær á ábyrgð viðskiptavinnar. Ef ósk um uppsetningu á ljósleiðaraboxi berst að nýju á þeim stað þar sem ljósleiðarabox hefur verið fjarlæggt að beiðni viðskiptavinnar þarf að greiða uppsetningargjald skv. verðskrá FR.
4. Óheimilt er að veita aðilum utan þeirrar íbúðar sem viðskiptavininn er skráður fyrir, s.s. öðrum íbúum fjölbýlishúsa, aðgang að ljósleiðaranum.
5. FR áskilur sér rétt til að tengjast ljósleiðaraboxi notanda í þeim tilgangi að veita aðstoð og eða til þess að uppfæra eða stilla ljósleiðaraboxið. Það er einungis gert í samráði við notanda hverju sinni.
6. Þarfnist viðskiptavininn aðstoðar við sjónvarps-, síma- og/eða internetþjónustu skal hann leita til þess fjarskiptafélags sem veitir honum þjónustu um ljósleiðaranum.
7. FR ber ekki ábyrgð á þjónusturofi en leitast þó við að koma þjónustu á að nýju skv. markmiðum sínum um þjónustustig og úrlausnartíma. Ef viðskiptavininn er án þjónustu vegna bilunar í ljósleiðaraneti FR í lengri tíma en 3 daga og ástæðu þess má ekki rekja til athafna af hans hálfu getur hann krafist niðurfellingar aðgangsgjalds í réttu hlutfalli við þann tíma er þjónusturof varir.

KAFLI 3 GREIÐSLUR

1. Gjaldskrá FR er birt á www.reykholar.is
2. Viðskiptavininn greiðir mánaðarlegt gjald, svokallað aðgangsgjald, fyrir notkun á ljósleiðaranum. Gjaldið miðast við þann dag sem þjónustan virkjast í kerfum FR. Gjaldið er eftirá.
3. Mánaðarlegt gjald er samkvæmt verðskrá FR hverju sinni og kemur fram á vefsíðunni www.reykholar.is. Allar breytingar á verðskrá FR eru kynntar viðskiptavininum með að minnsta kosti eins mánaðar fyrirvara á vefsíðunni www.reykholar.is. Viðskiptavininn skuldbindur sig til að hlíta gildandi verðskrá FR hverju sinni.
4. Viðskiptavininn getur óskað sérstaklega eftir útgefnum greiðsluseðli og greiðist þá svokallað seðilgjald. Viðskiptavininn sem er 67 ára eða eldri fær sjálfkrafa greiðsluseðil nema óskað sé eftir öðrum greiðsluleiðum.
5. Gjaldldagi og eindagi aðgangsgjalds vegna yfirstandandi mánaðar er að jafnaði fimmti þess mánaðar. Sé reikningur greiddur eftir gjaldldaga greiðir viðskiptavininn dráttarvexti frá gjaldldaga til greiðsludags skv. III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 auk innheimtukostnaðar.
6. FR er heimilt að loka fyrir ljósleiðaranum hafi skuld ekki verið greidd innan 30 daga frá gjaldldaga. Ef lokað er vegna vanskila ber FR enga ábyrgð á hugsanlegri röskun, óþægindum eða tjóni sem viðskiptavininn kann að verða fyrir vegna þessa.
7. Athugasemdir við reikninga skulu berast eins fljótt og auðið er og eigi síðar en á gjaldldaga. Að öðrum kosti telst reikningurinn samþykktur.

8. Sé aðgangsgjald innheimt af fjarskiptafélagi fyrir hönd FR eiga innheimtuskilmálar þess fyrirtækis við um innheimtuferlið í stað liða 4-7 hér að framan.

KAFLI 4 UPPSÖGN

1. Báðir aðilar geta sagt upp notkun á ljósleiðaranum.
2. Uppsögn á aðgangi um ljósleiðarann þarf að berast til Fjarskiptafélags Reykhólahrepps og skal hún vera skrifleg, s.s. með tölvupósti á skrifstofa@reykholar.is Uppsögn til FR jafngildir ekki uppsögn á þjónustu um ljósleiðarann. Segja þarf upp þjónustu um ljósleiðarann hjá viðkomandi fjarskiptafélagi. Segi viðskiptavinur notkun ljósleiðarans upp þarf uppsögn að hafa borist eigi síðar en 15. dag mánaðar til þess að hún taki gildi um næstu mánaðarmót. Berist hún á 16. degi mánaðar eða síðar tekur hún gildi um þar næstu mánaðarmót.

KAFLI 5 ÖNNUR ÁKVÆÐI

1. Rísi ágreiningur um túlkun og skýringu á skilmálum þessum getur viðskiptavinur sent kvörtun til Póst- og fjarskiptastofnunar.
2. Um fjarskiptaþjónustu gilda lög um fjarskipti nr. 81/2003. Brot á lögum og reglum Póst- og fjarskiptastofnunar getur valdið tafarlausri lokun á þjónustu.
3. Að öðru leyti gilda skilmálar samstarfsaðila FR um þá þjónustu sem við á hverju sinni og um þá þjónustu sem þeir veita um ljósleiðarann.